



321. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 30. mars 2022 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Á Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti og Ingi Þór Ágústsson.

Forföll: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud og Valdimar Leó Friðriksson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá skrifstofu

Andri fór yfir helstu verkefni skrifstofu. Krístrún Eyjólfsdóttir, sem starfað hefur í afleysingum í kynningarmálum á skrifstofu, er hætt störfum og orðið er aðkallandi að fastráða í stöðu verkefnastjóra á sviði markaðs- og kynningarmála. Andri bent á að það er fjöldi ársþinga framundan sem hann mun reyna að sækja eftir bestu getu, ásamt fulltrúum úr stjórn.

2. Fagsvið ÍSÍ

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir verkefni Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ. Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar tókst vel í Vuokatti í Finnlandi og allt gekk vel hjá íslenska hópnum. Ræða þarf framtíðarstefnu ÍSÍ varðandi þátttöku í leikunum. Framundan er undirbúningur fyrir Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem verður í Banska Bystrica í Slóvakíu í sumar. Starfsmenn sviðsins eru í verkefnum varðandi afreksstefnur sérsambanda og upplýsingaskilum sérsambanda til sviðsins.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir verkefni sviðsins. Nýbúið er að skila inn skýrslu vegna Erasmus+ verkefnisins 5C.

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir verkefni sviðsins. Næsta stóra verkefni á sviðinu er Hjólað í vinnuna sem nú fer fram í 20. skipti og hefst 4. maí.

3. Skýrsla starfshóps ÍSÍ um verkferla, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni

Forseti skýrði frá því að ofangreindur starfshópur hefði nú skilað af sér skýrslu. Hópurinn náði ekki að skila af sér á réttum tíma vegna ýmissa ástæðna, ekki síst tengdum kórónuveirufaraldrinum sem hefur geisað sem aldrei fyrr síðust vikur og mánuði. Hann sagði starfshópin hafa fengið viðkvæmt og flókið viðfangsefni í hendurnar, sem erfitt sé að ramma inn.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir formaður starfshópsins skýrði frá helstu áskorunum í vinnu starfshópsins. Hún sagði mikinn tíma hafa farið í að afmarka verkefnið og skoða starf vinnuhópana sem einnig voru að störfum og þvera þetta málefni. Mikil áhersla hefði verið lögð á samræmingu. Starfshópurinn skoðað vel þá möguleika sem nýttir hafa verið þegar alvarleg mál hafa komið upp í hreyfingunni, svo sem úrræði

Æskulýðsvettvangsins. Nú er öllum málum beint til embættis samskiptaráðgjafa en klárlega þurfi að bæta það embætti verulega til að það geti mætt þeim verkefnum sem inn til embættisins eru tilkynnt og hafi þau faglegu úrræði sem þarf að hafa við flókin úrlausnarefni.

Hópurinn skilgreindi þau hugtök sem fram komu í tillögu Íþróttabings, til að ekki væri neinn vafi um skilning. Hópurinn er þeirrar skoðunar að opna þurfi fyrir það að þolendur séu bæði fyrir innan og utan hreyfingarinnar en þá er verið að gera ráð fyrir því að gerandinn sé innan hreyfingarinnar.

Tillögur starfshópsins um úrbætur eru sjö talsins og fór Kolbrún Hrund ítarlega yfir þær.

Umræður urðu um tillögurnar og möguleg næstu skref. Samþykkt að funda með sambandsaðilum, kynna skýrsluna og tilmæli starfshópsins og óska eftir athugasemdum.

Málefnið verður aftur á dagskrá á næsta fundi stjórnar.

4. Þjóðarleikvangar

Rætt um fjármálaáætlun ríkisins til næstu fimm ára en þar koma ekki fram nein fjárframlög til uppbyggingu þjóðarleikvanga. Forseti skýrði frá því að hann væri í samskiptum við stjórnvöld vegna þessa.

5. Erindi frá KSÍ vegna Afrekssjóðs ÍSÍ

Forseti skýrði frá erindi frá Knattspyrnusambandi Íslands vegna úthlutunar Afrekssjóðs ÍSÍ fyrir árið 2022. Leitað var eftir lögfræðialíti vegna málsins og staðfestir það heimildir og rökstuðning ÍSÍ í málinu.

6. Skipulagsmál, stefnumótun og vinnufundur stjórnar

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu stöðu málsins. Gengið hefur hægar en áætlanir stóðu til en stefnt er að vinnufundi stjórnar í lok aprílmánaðar.

7. Húsnæðismál í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Forseti skýrði stöðu mála varðandi mögulegar breytingar á hæð 3 í húsi 3.

8. Starfsskýrslukerfi ÍSÍ og UMFÍ

Opnað verður fyrir skil í nýju kerfi 4. apríl nk. Kerfið hefur virkað vel í prófunarfasa. Frestur til skila hefur verið framlengdur til 1. maí.

Kennsla á kerfið verður að mestu rafræn en einnig verður farið í alla landshluta með kennslu og kynningar í aprílmánuði.

9. Ferðasjóður ÍSÍ

Tillaga að úthlutun var send til stjórnar með tölvupósti fimmtudaginn 24. mars og staðfest þar. Nú formlega bókuð samkvæmt gögnum þar að lútandi. Samtals var úthlutað kr. 156.398.823,- til íþrótt- og ungmennafélaga innan vébanda ÍSÍ.

10. Afhending viðurkenninga til íþróttafólks ársins 2021

Viðburðurinn verður á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 8. apríl kl. 16.

11. Málefni Úkraínu – Yfirlýsing

Lögð fram sameiginleg yfirlýsing ráðherra íþróttamála 37 ríkja, þ.m.t. ráðherra Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um aðgerðir gegn Rússlandi og Hvíta-Rússlandi (Belarús) á sviði íþróttavegna innrásarinnar í Úkraínu. Íþróttasambönd eru þar hvött til að:

- heimila hvorki Rússlandi né Hvíta-Rússlandi að halda alþjóðlega íþróttaviðburði,
- heimila ekki keppendum, skipuleggjendum og liðum sem keppa fyrir hönd Rússlands eða Hvíta-Rússlands að keppa í öðrum löndum. Þetta á einnig við um þau sem keppa fyrir hönd aðila, borga eða vörumerkja sem standa fyrir Rússland eða Hvíta-Rússlandi, þ.m.t. stór knattspyrnufélög,
- takmarka fjárveitingar og stuðning aðila með tengingu við Rússlandi eða Hvíta-Rússland.

Einnig eru íþróttasambönd hvött til að refsa ekki íþróttafólki, þjálfurum og dómurum sem ákveða að rifta samningi við félög frá Rússlandi, Hvíta-Rússlandi eða Úkraínu. Auk þess eru þau hvött til að refsa ekki skipuleggjendum fyrir að meina íþróttamönnum eða -liðum sem keppa fyrir hönd Rússlands eða Hvíta-Rússlands þátttöku í íþróttaviðburðum.

12. Heiðranir

Eftirfarandi heiðranir voru staðfestar af framkvæmdastjórn með rafrænum hætti og eru hér formlega bókaðar:

Hlín Bjarnadóttir - Gullmerki ÍSÍ vegna starfa í þágu fimleikaíþróttarinnar á Íslandi. Merkið var afhent á uppskeruhátíð FSÍ 2022.

Eftirfarandi heiðranir samþykktar:

Ásta Melitta Urbancic - Gullmerkis ÍSÍ fyrir áratuga starf í þágu borðtennisíþróttarinnar.

Pétur Ó. Stephensen - Gullmerkis ÍSÍ fyrir áratuga starf í þágu borðtennisíþróttarinnar. Merkin verða afhent á ársþingi BTÍ 2022.

13. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 316. fundur – lagfæring á fundargerð til frekari skýringar
- 320. fundur framkvæmdastjórnar
- 117., 118. og 119. fundur Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ

14. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

15. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur er fyrirhugaður 29. apríl og þá sem vinnufundur utan höfuðborgarinnar.

16. Önnur mál

Málefni TKÍ

Úlfur H. Hróbjartsson skýrði stöðu mála í Taekwondosambandi Íslands en sambandið hefur átt í nokkrum stjórnunarvanda undanfarna mánuði og hefur Úlfur komið verið sambandinu innan handar síðustu vikunnar sem hlutlaus aðili ÍSí. Framhaldsþing verður haldið 5. apríl nk. og getur ný stjórn þá tekið að fullu til starfa.

Aðalfundur Íslenskrar getspár

Aðalfundur Getspár verður haldinn 26. apríl nk.

Samþykkt að tilnefna Lárus L. Blöndal forseta og Gunnar Bragason gjaldkera sem aðalmenn í stjórn Getspár og Knút G. Hauksson og Olgu Bjarnadóttur sem varamenn. Einnig samþykkt að fulltrúar ÍSí á fundinum verði ofangreind ásamt framkvæmdastjóra.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir